

- 138** Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt
1. des. staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í við-
lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

- 139**
8. des.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnu-
akstur um eftirtaldar götur, sem hér segir:

*Samtún frá vestri til austurs.
Skúlatún frá norðri til suðurs.*

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. desember 1955.

Sigurjón Sigurðsson.

- 140**
16. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1956.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 77/1955 til þess að innheimta
skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum
með 20% álagi árið 1956.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar
á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 16. desember 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.